

pess af þeirra hálfu. Á þetta bendir töfradansinn og sú sameiginlega trú meðal allra villipjóða, að það sem gjört sé við mynd eða líkneski lifandi vera, hríni á þeim. Er þessa eigi ósjaldan neytt, er einhver vill hefna sín á fjandmönnum sínum, duglegur töframaður er þá fenginn til að gjöra mynd af honum, sem því næst er brennd eða höggvin eða fyrirkomið á annan hátt. Svo er trúin á þetta sterk, að ef viðkomandi fréttir það, annað hvort fyrirfer hann sér eða deyr af hræðslu.

Svipað kvað eiga sér stað meðal Rauðskinna, er þeir ætla á dýraveiðar. Mynd er dregin af ýmsum dýrum og yfir þeim þulin særung, þar sem veiðimaður lofar hreysti sína en hótar bráðinni snöggið dauða.

Pá fást töframenn mjög mikið við, að segja fyrir um orðna hluti, þýða fyrirburði og spá. Við spádóma fást raunar miklu fleiri en þeir. Almennastir eru hinir svo nefndu „örvaspádómari“; leita þeirra oft ungir menn, er þeir fara í fjárleit og frama. Ór er skotið beint í loft upp, og eftir stefnu þeirri, er hún tekur þegar hún fellur til jardar, leggja þeir svo leiðar sinnar. EKKI ósvipað þessu hefir tíðkast meðal alþýðu manna í Norðurálfunni fram á þessa daga.

Þegar eitthvað mikið er í húfi og við hátiðleg tækifæri verður töframaðurinn sjálfur að koma til sögunnar. Einna mest við-höfn við fréttaleitun er hjá villimönnum Tungus floksins í Síberíu, estir því sem ferðamenn skýra frá. Öll þau kyngilæti, er lyfjamaðurinn (Schamanninn) leikur, miða að því, að koma honum í einskonar töfradá, eða láta hann verða frá sér numinn, og kvað hann þá vera hræðilegur útlitum. Þá hann spekist loks, er hann spurður fréttu af þeim viðstöddu, og stendur þá ekki á svörum. Flest eru þó svörin tvíræð, og í véfréttar stíl.

Af þessu, sem þegar er sagt, sést, að hjá öllum villipjóðum vorra tíma er fullkomin anda og vætta trú, og mun hún hafa við-haldist hjá þeim frá alda öðli. Einkum eru það hollvættir, er kyngimennirnir hafa í þjónustu sinni, en þó er hitt eigi útilokað, að illvættir sé til, og menn taki þá í sína þjónustu, til þess að vinna öðrum tjón. Hér á sér því bæði stað hin heimilaða kyngi, „bjartkyngi“, og svo einnig hin óleyfilega, „svartkyngin“, kukl, gjörningar og galdrar.